

1. 8 ½ FEDERICO FELLINI - 1963 - 16. JANÚAR KL. 14:15
2. THREE COLORS: WHITE - KRZYSZOF KIESLOWSKI, 1994- 23. JANÚAR KL. 14:10
3. DR. STRANGELOVE - STANLEY KUBRICK, 1975 - 30. JANÚAR KL. 14:15
4. AFTER HOURS - MARTIN SCORSESE, 1985 - 6. FEBRÚAR KL. 14:15
5. NO COUNTRY FOR OLD MEN - COHEN BRÆÐUR - 13. FEBRÚAR KL. 14:15
6. BLADE RUNNER - RIDLEY SCOTT, 1982 - 6. MARS KL. 14:15
7. FESTEN - THOMAS VINTERBERG, 1998 - 13. MARS KL. 14:15
8. GIRL WITH A PEARL EARRING, PETER WEBBER, 2003 - 20. MARS KL. 14. 15
9. IVANO DETSTVO/ÆSKA ÍVANS - ANDREI TARKOVSKY, 1962 - 27. MARS KL. 14:15
10. BIRDMAN - ALEJANDRO G. INÁRRITU - 3. APRÍL KL. 14:15
11. DJANGO UNCHAINED - QUENTIN TARANTINO, 2012 - 10. APRÍL KL. 14:15
12. HOLY SMOKE! - JANE CAMPION, 1999 17. APRÍL KL. 14:15

Verkefnastjórn: Oddný Sen
Skráningar: oddnysen@gmail.com



1. 8 ½ FEDERICO FELLINI - 1963 - 16. JANÚAR KL. 14:15



*TEGUND OG ÁR /Leikin mynd, 1963/LENGD: 138 MIN /LAND: ÍTALÍA/
LEIKSTJÓRI: Federico Fellini /ADALHLUTVERK: Marcello Mastroianni, Claudia
Cardinale, Anouk Aimée*

Heiti myndarinnar 8½ er vísun í kvikmyndir Fellinis fram að gerð myndarinnar, en fram að því hafði hann gert sex kvikmyndir og þrjár stuttmyndir. Myndin er byggð á minningum hans og segir frá Guido Anselmi, frægum kvikmyndaleikstjóra sem er að gera kvikmynd en þjáist af ritstíflu og lætur hugann reika til æskuslóða. 8½ er öðrum þræði um listsköpun eða hvernig það er að gera kvikmynd og er sögð frá sjónarhóli leikstjórans.

Myndin hlaut tvö Óskarsverðlaun sem besta erlenda myndin og fyrir bestu búningahönnun. Hún er á lista BFI yfir bestu 50 myndir sem hafa verið gerðar.

2. THREE COLORS: WHITE - KRZYSZOF KIESLOWSKI, 1994- 23. JANÚAR KL.
14:15



*TEGUND OG ÁR /Leikin mynd, 1994/LENGD: 87 MIN /LAND:
FRAKKLAND/PÓLLAND/ LEIKSTJÓRI: Krzysztof Kieslowski /AÐALHLUTVERK:
Zbigniew Zamachowski, Julie Delpy, Janusz Gajos*

Pólski kvikmyndaleikstjórinn Krzysztof Kieslowsky vakti mikla athygli á níunda og tíunda áratugnum, en hann lést fyrir aldur fram árið 1996. Kieslowsky vann mikið með frönskum leikurum, notaði liti og tákni á ferskan hátt, en þekktustu myndir hans eru vafalítið þríleikurinn Þrír litir: Blár, Hvítur, Rauður eftir frönsku fánalitunum og tákna frelsi, jafnrétti og bræðralag.

Þrír litir: Hvítur fjallar um pólskan mann, Karol að nafni, sem missir getuna á brúðkaupsdaginn og getur ekki notið ásta með eiginkonu sinni eftir það. Við skilnaðinn missir hann lífsviðurværið og snýr því aftur til Póllands, slyppur og snauður. Hann ákveður að byggja sig upp að nýju til að hefna sín.

3. DR. STRANGELOVE OR: HOW I LEARNED TO STOP WORRYING AND LOVE THE BOMB - STANLEY KUBRICK, 1975 - 30. JANÚAR KL. 14:15



TEGUND OG ÁR /Leikin mynd, 1964/LENGD: 93 MIN /LAND: BRETLAND/BANDARÍKIN/ LEIKSTJÓRI: Stanley Kubrick/AÐALHLUTVERK: George C. Scott, James Earl Jones, Peter Sellers

Ofsóknaróður hershöfðingi, Jack D. Ripper, óttast að Sovétmenn hafi mengað drykkjarvatnið í Bandaríkjunum til að öðlast heimsyfirráð. Hann ákveður því að varpa kjarnorkusprengru á Sovétríkin án þess að yfirmenn hans viti af því, en þegar á hólminn er komið, er reynt með öllum ráðum að koma í veg fyrir kjarnorkustríð.

Kubrick vildi upphaflega gera spennutrylli um kjarnorkuslys þar sem kalda stríðið var í algleymingi þegar myndin var í framleiðslu, en byggði myndina síðar á skáldsögunni Red Alert eftir Peter George. Hann fékk Peter Sellers til að leika fleira en eitt hlutverk í myndinni, þar á meðal hinn einkennilega dr. Strangelove, uppgjafa nasista. Myndin hafði þau áhrif að löggjöf var hert til að minnka líkur á kjarnorkuslysi, auk þess sem hún var tilnefnd til Óskarsverðlauna og hlaut margs konar verðlaun og viðurkenningar.

4. AFTER HOURS - MARTIN SCORSESE, 1985 - 6. FEBRÚAR KL. 14:15



TEGUND OG ÁR /Leikin mynd, 1985/LENGD: 97 MIN /LAND: FRAKKLAND/PÓLLAND/ LEIKSTJÓRI: Martin Scorsese/AÐALHLUTVERK: Griffin Dunne, Rosanna Arquette, Linda Fiorentino

After Hours er óður til níunda áratugsins og gerist í New York. Paul Hackett langar til að fara út á lífið eftir vinnu og kynnist ungri konu á kaffihúsi, sem býður honum heim. Paul fer til íbúðar hennar í SoHo-hverfinu þar sem ekkert er sem sýnist og uppgötvar fljótlega að hann kemst ekki heim.

Myndin er blanda af grínmynd og rökkurmynd en sækir jafnframt í Galdrakarlinn í Oz og myndir Luis Bunuel, sérstaklega Tortímingarengilinn þar sem hópur fólks kemur í kvöldverðarboð og kemst ekki heim, en eins og í flestum myndum Scorsese koma fyrir áleitnar tilvistarspurningar.

5. NO COUNTRY FOR OLD MEN - COHEN BRÆÐUR - 13. FEBRÚAR KL. 14:15



TEGUND OG ÁR/Nývestri, tryllir, 2007/LENGD: 122 MIN /LAND: BANDARÍKIN / LEIKSTJÓRI: Joel & Ethan Cohen/ÆDALHLUTVERK: Tommy Lee Jones, Javier Bardem, Josh Brolin.

Myndin segir frá veiðimanninum Llewelyn Moss (Josh Brolin) sem finnur háa fjárhæð í reiðufé, eiturlyf og lík skammt frá Rio Grande. Í stað þess að láta lögregluna fá peningana, ákveður hann að halda þeim fyrir sjálfan sig. Þá kemur til skjalanna leigumorðinginn Chigurh (Javier Bardem) sem eltir Moss yfir eyðilegt en stórbrotið landslagið í vesturhluta Texas. Þriðja sögupersónan er fógetinn Ed Torn Bell (Tommy Lee Jones) sem er yfir rannsókn málsins.

Cohen-bræður halda uppi hefð óháðra kvikmyndagerðarmanna í Bandaríkjunna og kanna meðal annars menningarheima minnihlutahópa og kynþátta. Þeir nota augnablik úr bandarískri menningu á ýmsum tímum og persónurnar nota sérstaka díalektík sem var notuð á þeim tímum. Í myndum þeirra eru oft leigumorðingjar sem nota ljóðmæli eða eru sérkennilegir persónuleikar.

Myndin hlaut Óskarsverðlaunin, Bafta-verðlaunin og tvö Golden Globes-verðlaun.

6. BLADE RUNNER - RIDLEY SCOTT, 1982 - 6. MARS KL. 14:15



TEGUND OG ÁR/Vísindaskáldsögumynd, 1982/LENGD: 116 MIN /LAND: BANDARÍKIN/ LEIKSTJÓRI: Ridley Scott/AÐALHLUTVERK: Harrison Ford, Rutger Hauer, Sean Young og Darryl Hannah.

Blade Runner er ein af klassískum lykilmyndum sem sækir í fræg kvikmyndaverk frá fyrri tímum eins og rökkurmyndir fjórða áratugarins og Metropolis (1928) eftir Fritz Lang. Myndin er byggð á vísindaskáldsögunni “Do Androids Dream of Electric Sheep” eftir Phillip K. Dick. Hún gerist í Los Angeles árið 2019 þar ríkir stöðugt myrkur og rigning þar sem mannkynið hefur eyðilagt jörðina og búið sér nýlendur á öðrum hnöttum.

Spár um erfðatekni og japönsk yfirráð á markaði sem voru vinsælar á áttunda áratugnum hafa gengið eftir og svokallaðar eftirmyndir, sem eru í mannlíki, eru hannaðar og sendar út í geiminn til ýmissa starfa. Margar þeirra sleppa til jarðarinnar og sérstakir lögreglumenn eru þjálfaðir til að leita þær uppi og fjarlægja þær. Einn þeirra, Rick Deckard (Harrison Ford) er fenginn til að leita uppi hættulegar eftirmyndir sem talið er að geti þróað með sér tilfinningar. Spurningin er hins vegar hvort Deckard sjálfur sé maður eða eftirmynd og sama máli gegnir um konuna sem hann verður ástfanginn af, Rachel.

7. FESTEN - THOMAS VINTERBERG, 1998 - 13. MARS KL. 14:15



*TEGUND OG ÁR/Leikin mynd, 1998/LENGD: 105 MIN /LAND: DANMÖRK/
LEIKSTJÓRI: Thomas Vinterberg/AÐALHLÜTVERK: Ulrich Thomsen, Henning
Moritzen, Thomas Bo Larsen*

Festen fjallar um vandamál í fjölskyldu og þöggun á áleitinn og nærfærinn hátt. Í tilefni af sextugsafmæli Helge (Henning Moritzen) kemur fjölskyldan saman til að halda upp á afmæli hans í kastala. Áhorfandinn kynnist börnum Helge sem hefur farnast misjafnlega í lífinu. Þegar elsti sonur Helge heldur örlagaþrungna ræðu kemur sannleikurinn um vel falin leyndarmál í ljós.

Thomas Vinterberg er einn af þeim dönsku kvikmyndaleikstjórum sem er upphafsmaður Dogme 95 hreyfingarinnar ásamt Lars Von Trier, Kristian Levring og Sören Kragh-Jacobsen, en stefnan kallaði eftir einfaldleika í frásagnarsstíl og hugsuð sem andóf gegn ofurtæknivæddri kvikmyndagerð samtímans. Vinterberg er einn af vönduðustu leikstjórum Danmerkur en hann gerði meðal annars Jagten árið 2012.

8. GIRL WITH A PEARL EARRING, PETER WEBBER, 2003 - 20. MARS KL. 14. 15



TEGUND OG ÁR/Leikin kvikmynd, 2003/LENGD: 100 MIN /LAND: BRETLAND, LÚXEMBOURG/ LEIKSTJÓRI: Peter Webber/AÐALHLUTVERK:Scarlett Johansson, Colin Firth, Tom Wilkinson, Cillian Murphy.

Myndin er byggð á skáldsögu eftir Tracy Chevalier og segir frá gerð listaverksins "Stúlka með perlueyrnalokk" eftir flæmska listmálarann Johannes Vermeer. Hann var hollenskur listmálari (1632-1675) sem gerði myndir af borgaralegu lífi en varð aldrei sérlega frægur í lifanda lífi. Hann er núna álitinn með bestu listamönnum gullaldar Hollands. Í kvikmyndinni eru litirnir í stíl Vermeers, bjartir og skærir.

Fátt er vitað um stúlkuna á málverkinu, en álitid er að hún hafi verið þerna sem bjó með fjölskyldu Vermeers og skáldað er í eyður um tilurð málverksins. Scarlett Johansson leikur þernuna Griet sem gerist vinnukona á heimili Vermeers (Colin Firth), en velunnari hans, Van Ruijven (Tom Wilkinson) fær hann til að mála mynd af henni án þess að eiginkona hans viti af því. Myndin er sérlega fallega unnin og gefur innsýn í hvernig Vermeer vann listaverk sín, sér í lagi út frá litanotkun og sjónarhorni.

9. IVANO DETSTVO/ÆSKA ÍVANS - ANDREI TARKOVSKY, 1962 - 27. MARS
KL. 14:15



*TEGUND OG ÁR/Leikin mynd, 1962/LENGD: 94 MIN /LAND: Sovétríkin/
LEIKSTJÓRI: Andrei Tarkovsky/ AÐALHLÜTVERK: Nikolai Burlyakov, Valentin
Zubkov, Evgeny Zharikov*

Æska Ívans gerist í seinni heimstyrjöldinni og segir frá munaðarleysingja að nafni Ívan. Myndin var fyrsta mynd Tarkovskys í fullri lengd og fjallar um harmleik stríðsins og sálræn áhrif á ungan dreng. Tarkovsky hóf að þróa helstu temu sem hann tók fyrir í síðari verkum sínum í myndinni, svo sem drauma, tengsl á milli veruleika og skáldskapar, hið einstaka myndmál, sem hann notaði til að kalla fram ólík hughrif hjá áhorfendum, svo og notkun hans á “handanveruleika” (transcendence) sem er vel þekkt í verkum Carl Theodore Dreyer, Yasujira Ozu og Robert Bresson. Myndin hlaut Gulljónið í Feneyjum 1962.

Andrei Tarkovsky (1932-1986) er einn af merkustu kvikmyndagerðarmönnum sem uppi hefur verið og hefur haft víðtæk áhrif á kvikmyndasöguna. Hann gerði fyrstu myndir sínar í Sovétríkjunum en síðustu tvær þeirra gerði hann á Ítalíu og í Svíþjóð. Tarkovsky fór óhefðbundnar leiðir við vinnslu kvikmynda sinna, hafnaði hefðbundinni frásagnaraðferð og myndir hans einkennast af raungerðri dulrúð, háspekilegum vangaveltum, draumkenndu myndmáli og óvenju löngum skotum svo einhver dæmi séu tekin.

10. BIRDMAN - ALEJANDRO G. INÁRRITU - 3. APRÍL KL. 14:15



*TEGUND OG ÁR /Leikin mynd, 2014/LENGD: 119 MIN /LAND: Bandaríkin/
LEIKSTJÓRI: Alejandro González Iñárritu/ AÐAHLUTVERK: Michael Keaton,
Edward Norton, Amy Ryan*

Myndin segir frá leikaranum Riggan Thomson, sem var frægur fyrir tuttugu árum fyrir að leika ofurhetjuna Birdman. Líf hans tekur óvænta stefnu þegar hann fær hlutverk á Broadway sem gæti gert hann frægan á nýjan leik, en hann þarf að kljást við ýmis konar vandamál, þar á meðal ýmsar tilvistarspurningar.

Michael Keaton lék einmitt ofurhetjuna Batman í mynd Tim Burton 1989 sem kallast skemmtilega á við hlutverk hans sem Thomson, en hann hlaut Óskarsverðlaunin fyrir túlkun sína. Myndin hlaut jafnframt Óskarsverðlaunin sem besta kvikmynd ársins 2014 og var tilnefnd í níu flokkum.

11. DJANGO UNCHAINED - QUENTIN TARANTINO, 2012 - 10. APRÍL KL.
14:15



*TEGUND OG ÁR /Leikin mynd, vestri 2012/LENGD: 165 MIN /LAND:
BANDARÍKIN/ LEIKSTJÓRI: Quentin Tarantino /AÐALHLUTVERK: Leonardo
DiCaprio, Jonah Hill, Samuel L. Jackson*

Django Unchained gerist í Suðurríkjum Bandaríkjanna skömmu fyrir borgarastríðið. Þrællinn Django leggur af stað til að ná eiginkonu sinni úr haldi plantekrueigenda í Mississippi ásamt þýskum mannaveiðara og tannlækni, dr. King Schultz.

Eins og í flestum myndum Tarantinos er vísað í margar aðrar kvikmyndir og ein þeirra er spaghettivestrinn Django frá 1966 og Franco Nero, sem lék aðalhlutverkið í þeirri mynd leikur aukahlutverk í Django Unchained. Myndin var tilnefnd til sjö Óskarsverðlauna og hlaut tvenn, auk tvennra Golden Globe verðlauna.

12. HOLY SMOKE! - JANE CAMPION, 1999, 17. APRÍL KL. 14:15



TEGUND OG ÁR /Leikin mynd, 1999/LENGD: 115 MIN /LAND: ÁSTRALÍA /
LEIKSTJÓRI: Jane Campion /AÐALHLUTVERK: Kate Winslet, Harvey Keitel, Julie
Hamilton

Myndin fjallar um hina áströlsku Ruth Barron, sem fer til Indlands með
vinkonum sínum og gerist áhangandi sértrúarhóps. Móðir hennar fær P. J. Waters
frá Bandaríkjunum til að hjálpa Ruth, en Waters er ráðgjafi sem sérhæfir sig í að
bjarga fólki úr sértrúarhópum. Hann fer með Ruth í afvikinn skála til að aðferðir
hans takist sem best, en brátt snúast hlutverkin við.

Leikstjóri myndarinnar, Jane Campion, er frægust fyrir verðlaunamyndina Píanóið
frá 1993, en Holy Smoke! var tilnefnd til Gullljónsins í Feneyjum.

Oddný Sen tók saman

Verkefnastjórn: Oddný Sen
Skráningar: oddnysen@gmail.com

